

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 200 kr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. apríl 1912.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 2. mars 1912.

Kristján Jónsson.

Eggert Briem.

4. mars steins, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 4. mars 1912. Skipulagsskráin er þannig:

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hannesar Hafsteins,

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Hannesar Hafsteins.

1. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er af íslenskum konum á fimtugs afmæli H. Hafsteins, sem þakklætisvottur fyrir aðgjörðir hans í því að útvega konum jafnrjetti við karlmenn til náms og embætta, og nemur nú um áramótin 1400 krónum, skal heita:

Minningarsjóður Hannesar Hafsteins.

2. gr.

Sjóð þenna, ásamt því, sem við hann bætist eftirleidis með gjöfum og samskotum, vöxtum eður á annan hátt, skal fyrst um sinn ávaxta þannig, að kaupa fyrir hann bankavaxtabrjef, innlagsskirteini í öðrum hvorum bankanna eða trygg verðbrjef, er gefi sem bestan arð eður vexti.

3. gr.

31

4. marz.

Vexti alla skal leggja við höfuðstól, þangað til sjóðurinn er orðinn fullar 3000 kr., þá má úthluta hálfis árs vöxtum, þó eigi yfir 70 kr. á ári, uns sjóðurinn nemur 5000 kr., en þá má útbýta $\frac{2}{3}$ vaxtanna; má það gjöra þangað til sjóðurinn er orðinn 10000 kr., þá má úthluta $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna á ári hverju, þangað til sjóðurinn er orðinn 25000 kr., en úr því má úthluta öllum árs-vöxtunum.

Þyki ekki tilefni eða ástæða til eitthvert ár að útbýta neinu af vöxtunum, skal þá alla leggja við höfuðstól.

4. gr.

Vöxtum þeim, sem samkvæmt framanrituðum ákvæðum má úthluta úr sjóðnum, skal varið til styrktar íslenskum kvenmönnum, sem stunda nám við háskóla Íslands, á þann hátt og eftir þeim reglum, sem háskólaráðið nánara ákveður.

Skyldi svo að bera, þegar sjóðurinn hefir náð framanrituðu hámarki eða þar yfir, að eigi sje, að dómi háskólaráðsins, allajafna þörf á eða fullkomin ástæða til að verja vöxtum sjóðsins á þann hátt sem að ofan greinir, þá skal því heimilt að verja vöxtunum að meiru eða minna leyti, í eitt skifti eða oftar, til að verðlauna eða styðja visindalega starfsemi íslenskra kvenna, er útskrifaðar sjeu frá háskóla Íslands, eða styrkja þær til utanfarar í visindalegu skyni.

5. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn háskólaráðsins. Það semur árlegan reikning sjóðsins, og skal hana birta annaðhvort í Stjórnartíðindunum eða í ársriti því, er háskólinn kann að gefa út, og slíkir reikningar eiga heima í.

6. gr.

A stofnskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Fyrir hönd gefendanna

Í samskotanefnd Minningarsjóðs Hannesar Hafsteins,

Reykjavík, 12. febrúar 1912

Guðrún Björnsdóttir.

formaður

Agústa Sigfúsdóttir.

fjehirðir.